

78 um, sendir póststjórnin málið lögreglunni til meðferðar, ef henni þykir ástæða  
6. ágúst til, svo og önnur þau mál, er heyra undir meðferð lögreglunnar.

### 23. gr.

Viðurlög við brotum á reglugerð þessari eru hin sömu og greinir í lögum um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 36, 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Póst- og símamálastjórnin, 6. ágúst 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Guðmundur J. Hlíðdal.*

79

7. ágúst

## REGLUGERÐ

til breytingar á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, 10. júní 1920.

33. gr. orðist þannig:

### A. Aðfluttar vörur:

### V Ö R U G J A L D S K R Á :

1. flokkur: Gjald 12,5 aurar fyrir hver 100 kg: Kol, salt, sement.
2. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg: Allskonar óunnið járn, eldaveklar, bárujárn, saumur, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eldfastur leir, gólf- og veggflisar, eldfastir steinar, garðávextir.
3. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg: Korn- og mjölvörur, kjöt, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvavörur, heyrinnuvélar, plógar, herfi, sykur, fóðurbætur, kalk, fræ, tilbúinn áburður, oliur og benzín til eldsneytis, til ljósa eða á mótora.
4. flokkur: Gjald 35 aurar fyrir hver 100 kg: Bifreiðar og varahlutir til þeirra, feiti og oliur til smjörlikisgerðar og sápugetar, strigi, tvistur, hessían og bindigarn.
5. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hver 10 kg: Málningarvörur og efni til málninga, lakk, kitti, lim, gibs, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, essensar, brennisteinn o. þ. h., hráefni til kaffibætisgerðar, korkvörur og óunnið kork, brauðvörur, kex, linóleum, gúmmi og gúmmivörur, pappír og pappírsvörur, bækur, blek, baðlyf, ljósaefni, svo sem vax, carbíd, glycosé o. þ. h., olíufatnaður, kálmeli og plöntur, maccaróni, útgerðarvörur, svo sem linur, önglar, net, nætur, lengdar- og hraðamælar til skipa.
6. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 10 kg: Niðursuðuvörur, blikkvörur,

tin, zink, hjólhestar og varahlutir til þeirra, seglgarn og umbúðagarn, ger og efni í það, oliuofnar, verkfæri, svo sem smíðatól, rekur, skóflur o. þ. h. Vörur úr kopar, eir, messing, bronce o. þ. h., emalleraðar vörur, leirvörur, smávélar, svo sem þrjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáíðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur, svo sem þvottaefni, skó-, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, glervörur, ölgerðarvörur og hráefni til ölgerðar, burstavörur og efni til burstagerðar, smá járnvara (isénkram), svo sem skrár, lamir. Eldhúsáhöld, barnavagnar, dívanar og efni í þá, skóáburður, leður og leðurvörur, bókunarvörur, lyfjavörur og ávextir.

**7. flokkur:** Gjald 30 aurar fyrir hver 10 kg: Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, eldspýtur, smáhljóðfæri og tónvélaþlötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, klukkur, mælar og símar, áttavítar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, sælgæti, súkkulaði, kakaóduft, te, kaffi, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn o. þ. h.

**8. flokkur:** Gjald 100 aurar fyrir hver 10 kg: Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus.

**9. flokkur:** 3 aurar fyrir hvert stykki: Tómar tunnur og föt.

**10. flokkur:** Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet: Trjáviður, sem reiknast í teningsfetum.

**11. flokkur:** 10 aurar fyrir hvert teningsfet: Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

#### B. Útfluttar vörur:

**1. flokkur:** Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg: Ull, ullarvörur, dúnn, fiður, hert skinn og sundmagi.

**2. flokkur:** Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg: Aðrar afurðir, sem reiknast eftir þyngd.

**3. flokkur:** Gjald 15 aurar fyrir tunnu: Kjöt.

**4. flokkur:** Gjald 5 aurar fyrir tunnu: Síld.

**5. flokkur:** Gjald 2 aurar fyrir hvert teningsfet: Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

**6. flokkur:** Gjald 50 aurar fyrir stykkið: Hestar og nautgripir.

**7. flokkur:** Gjald 10 aurar fyrir stykkið: Kindur.

Hafnarnefnd ákveður til hvaða gjaldflokks aðfluttra eða útfluttra vara skuli telja þær vörur, sem ekki kunna að vera taldar í skránni hér að framan.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað nr. 62, 8. nóv. 1915, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*